

Kærufnd jafnréttismála
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2017

Efni: Kæra vegna kynjahlutfalls í fjárlaganefnd Alþingis

Kærandi: Kvenréttindafélag Íslands

Kennitala: 710169-6409

Heimili: Hallveigarstaðir, Túngötu 14, 101 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra

Kærufnið:

Kvenréttindafélag Íslands leggur hér með fram kæru vegna skipunar Alþingis í fjárlaganefnd á 148. löggjafarþingi 2017–2018 þar sem skipaðir voru 8 karlmenn og 1 kona.

Rökstuðningur fyrir kæru:

Með vísan til 1. mgr. 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þar sem segir að einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök geti lagt fram kæru í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sinna telur Kvenréttindafélag Íslands sig geta lagt fram kæru vegna meints brots á jafnréttislögum. Kvenréttindafélag Íslands eru félagasamtök sem hafa það að markmiði að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Kvenréttindafélag Íslands telur að Alþingi hafi með skipan sinni í fjárlaganefnd á 148. löggjafarþingi sem sett var þann 14. desember sl. brotið gegn 15. gr. jafnréttislaga. Í 1. mgr. þess ákvæðis er kveðið á um að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli gæti þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Í 1. málslíð 2. mgr. segir að tilnefningaraðili skuli tilnefna bæði karl og konu og að heimilt sé að víkja frá skilyrði 1. málslíðar þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu og skuli tilnefningaraðili skýra ástæður þess. Í 3. mgr. segir að skipunaraðila sé heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. eigi við.

Skipað var í nefndir á 1. fundi 148. löggjafarþings þann 14. desember sl.

Í fjárlaganefnd voru skipuð:

- Willum Þór Þórsson formaður, Framsóknarflokkur
- Haraldur Benediktsson 1. varaformaður, Sjálfstæðisflokkur
- Ágúst Ólafur Ágústsson 2. varaformaður, Samfylkingin
- Birgir Þórarinsson, Miðflokkurinn
- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Vinstrihreyfingin – grænt framboð
- Björn Leví Gunnarsson, Píratar
- Njáll Trausti Friðbertsson, Sjálfstæðisflokkur
- Ólafur Ísleifsson, Flokkur fólksins
- Páll Magnússon, Sjálfstæðisflokkur

Í nefndinni sitja því 8 karlar og ein kona, sem þýðir að konur skipa um 11% nefndarinnar, sem er órafjarri lagareglunni í 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaga. Í fundargerð Alþingis frá fundinum kemur fram að „Við kosningu í nefndir kom fram listi með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu [...]“

Ekki verður því séð að tilnefningaraðili hafi fylgt 2. mgr. 15. gr. með því að tilnefna fólk af báðum kynjum. Ekki verður séð að hlutlægar ástæður hafi staðið að baki skipuninni, hvorki með vísan til 1. mgr. eða 2. mgr., og engin tilraun var gerð til að skýra ástæður þess að nefndin var skipuð svo.

Hlutfall kvenna á þingi er nú 38% og því fyrrséð að erfitt verði að uppfylla skilyrði 1. mgr. 15. gr. að öllu leyti og í öllum nefndum þingsins, en Kvenréttindafélag Íslands telur augljóst að í tilviki fjárlaganefndar hafi það ekki einu sinni verið reynt og ákvæðið hreinlega hunsað. Kvenréttindafélag Íslands telur að Alþingi sé skylt að fylgja jafnréttislögum í öllum störfum sínum, þar á meðal við skipan í fastanefndir. Hvorki í jafnréttislögum né í lögum um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 er gerð undantekning um að nefndir Alþingis falli ekki undir jafnréttislög.

Listi yfir meðfylgjandi gögn:

1. Fundargerð þingsetningarfundar, 1. fundar 148. löggjafarþings, <http://www.althingi.is/alttext/148/f001.shtml>
2. Skipan fjárlaganefndar á 148. löggjafarþingi, <http://www.althingi.is/thingnefndir/fastanefndir/fjarlaganefnd/nefndarmenn-i-fjarlaganefnd/>
3. Konur á þingi, hlutfall kvenna á Alþingi, <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/kjornar-konur/>